

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Kirkjuvika númer 26

Frá árinu 1959 hafa verið haldnar kirkjuvikur í Akureyrarkirkju. Þær hafa verið annað hvert ár og byrjað fyrsta sunnudag í mars, á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar.

Nú í seinni tíð hafa kirkjulistavikur verið árið sem kirkjuvikan er ekki. Kirkjuvikan í ár er sú tuttugasta og sjötta.

Upphafsmáður kirkjuvikananna var sr. Pétur Sigurgeirsson, þegar hann var sóknarprestur á Akureyri.

Í Sögu Akureyrarkirkju eftir Sverri Pálsson segir sr. Pétur, að tilgangur kirkjuvikananna hafi verið að auka fjölbreytni í safnaðarlífinu og kalla söfnuðinn til virkara liðsinnis í kirkjunni.

Um árabíl var Jón Kristinsson formaður kirkjuvikunefnda í Akureyrarkirkju en hann lést á síðasta ári. Fyrir tuttugu árum flutti Jón ávarp á kirkjuviku. Þar sagði hann m.a.:

„Og kannski er meiri ástæða til að hugleiða og spyrja, hvort lífsmynstur þjóðarinnar sé ekki á margan hátt á háskabrautum.

Hvort nútíma ofneysluþjóðfélag sé ekki úr takti við boðorð Guðs? Hvort ekki sé látið reka undan straumi í hugsunarleysi, og það eitt haft að leiðarljósi, sem veitir stundarnautn.

Glys og þrjáld tekið fram yfir það varanlega, gullið í sálinni. Við, sem hugsandi verur, höfum vald, eða að minnsta kosti frelsi, til að velja og hafna í lífinu.

En frelsi krefst ábyrgðar. Við verðum að geta varið gerðir okkar frammi fyrir náunga okkar, samfélaginu á jarðneska vísu, en við verðum líka að vera þess albúin að standa frammi fyrir hinum æðsta dómi, þar sem réttlætið verður ekki sniðgengið.“

Bókmenntamessur

Bókmenntamessur eru nýjung í kirkjulegu starfi sem efnt hefur verið til í Akureyrarkirkju. Í þeim velur presturinn sér bók sem hann styðst við í prédikun.

Ritningarlestrar eru valdir með hliðsjón af bókinni og lesnir eru stuttir kaflar úr henni í messunni. Bænir tengjast efni bókarinnar, sálmar og tónlistin einnig.

Fyrsta bókmenntamessan var í janúar á þessu ári. Hana annaðist biskup Íslands, sr. Karl Sigurbjörnsson. Næsta



Kammerkórinn Ísold.

Föstuvaka miðvikudaginn 10. mars

Einn af dagskrárliðum kirkjuvikanar verður föstuvaka miðvikudagskvöldið 10. mars kl. 20.00, þar sem efni föstunnar og passíusálmar Hallgríms Péturssonar verður íhugaðir með hjálp mynda og tónlistar.

Sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hefur tekið saman efnið ásamt Eyþóri Ingi Jónssyni, organista. Kammerkórinn Ísold mun flytja kafla úr verkinu Stabat mater eftir G.B. Pergolesi og leiða al-

mennan söng. Félagar úr kórnum munu syngja einsöng í passíusálmalögum.

Eyþór Ingi Jónsson mun flytja orgeltónlist tengda passíusálmunum.

Hæfileikakeppni Norðausturlands haldin í fjórða sinn:

Keppendur og áhorfendur til mikillar fyrirmyndar

Hæfileikakeppni Norðausturlands, H.Æ.N.A. fór fram í Akureyrarkirkju laugardagskvöldið 30. janúar. Þetta er í fjórða sinn sem Æskulýðssamband kirkjunnar í Eyjafjarðarprófestsdæmi, ÆSKEY, stendur fyrir þessum viðburði en áhorfendur hafa aldrei verið jafnmargir og nú, eða rúmlega 200 manns.

Keppnin var nú haldin samtímis æskulýðsmóti sem Múlaprófestsdæmi, Austfjarðarprófestsdæmi og Þingeyjarprófestsdæmi komu að og fór fram á Stórutjörnum.

Það sem gerir viðburðinn, HÆNA, frábrugðinn öðrum hæfileikakeppnum er að í fyrsta lagi þurfa þátttakendur að vera virkir í æskulýðsstarfi kirkjunnar eða í fermingarfræðslunni. Í öðru lagi þá er keppt í þremur flokkum og er annars vegar um einstaklingskeppni að ræða og hins vegar hópakeppni. Sigurvegarar í flokki tónlistar- og söngflutnings var hópur frá Hjálpræðishernum á Akureyri, en hann skipa þau Fríða Kristín Hreiðarsdóttir, Lára Ósk Viðarsdóttir, Axel Fannar Friðriksson, Birkir Örn Jónsson og Almar Ingi Ólason, þau fluttu lagið „My all in all.“

Sigurvegarar í flokki dans- og líkamstjáníningar koma austan af Héraði, danshópið skipuðu þær Sandar Björk Steinarsdóttir, Valdís Ellen Kristjánsdóttir, Alexandra Sigurðardóttir og

Steinunn Bjarkey Gunnlaugsdóttir. Þær sýndu nokkurs konar Hip hop dans við lagið „Show me your money.“ Sérstaka athygli vakti atriði töfra- mannsins Einars einstaka sem sýndi töfrabrögð og hafði augljóslega lagt mikla vinnu við undirbúning á flutningi þeirra en um leið kom hann á framfæri boðskap biblíunnar. Einar sagði til að mynda frá fangelsisvist Páls postula og töfraði hringi sem virtust flæktir saman og í sundur um leið og hann minnti á hvernig Drottinn hjálpaði Páli úr fangelsinu.

Allir sem að viðburðinum komu, keppendur sem og áhorfendur, voru til mikillar fyrirmyndar og má nefna að unglingar úr æskulýðsfélögum Akureyrarkirkju og Glerárkirkju komu að undirbúningnum með ýmsum hætti og einnig sáu Jule Dörr og Cornelia Leitner, EVS-sjálfbóðaliðar um að gera fallett listaverk með stöfum keppinnar, HÆNA, sem prýddi vegg Safnaðarheimilisins.

messa verður sunnudaginn 14. mars og er hún jafnframt lokamessa kirkjuviku 2010.

Dr. Hjalti Hugason, prófessor, prédikar og hefur til hliðsjónar bók Böðvars Guðmundssonar, Enn er morgunn, sem út kom í fyrra. Ritningarlestrar, bænir, tónlist og sálmar tengjast bókinni. Þráinn Karlsson, leikari, les úr henni. Sr. Svavar Alfreð Jónsson þjónar fyrir altari. Kór Akureyrarkirkju syngur undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar. -SAJ



Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar

Sunnudaginn 7. mars, á æskulýðsdaginn, verður fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00. Dagurinn er tileinkaður börnum og ungmennum og verða þau í aðalhlutverkum. Barnakór Tónlistarskólans á Akureyri undir stjórn Heimis Bjarna Ingimarssonar mun leiða söng og flytja nokkur lög. En eins og alltaf eru það börnin og kirkjugestir sjálfir sem syngja mest og taka virkan þátt.



Búningadagur hjá kirkjuþrökkurum.

Yfirskrift æskulýðsdagsins í ár er „Lát trú þína bera ávöxt.“ Það fer því vel á því að ungmenni sem tekið hafa þátt í kirkjustarfinu flytji stuttan leikþátt um það efni. Þeir Jón Októ, Haukur, Hafsteinn og Hinrik, hafa allir lokið fyrri hluta námskeiðs sem lýtur að leiðtogaþjálfun innan kirkjunnar og er í boði fyrir ungmenni í 9.-10. bekk. Þeir munu ásamt fermingarstúlkunum Ólöfu Ósk og Kristbjörgu Ástu, flytja leikþáttinn Samherjinn eftir Eggert Kaaber.

Við hvetjum alla, unga sem aldna til að koma og eiga góða stund í kirkjunni með okkur.



Fjör í TTT starfinu.

Prestaskipti í Akureyrarkirkju

Undanfarið ár hefur sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson verið í leyfi frá störfum sínum við Akureyrarkirkju. Nú hefur hann verið valinn prestur í Selfoskirkju á heimaslóðum þeirra hjóna.

Embættið sem hann gegndi hér hefur verið auglýst og er umsóknarfrestur til 18. mars. Miðað er við að nýr prestur verði tekinn til starfa 1. júní.

Undanfarið hafa þau sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir leyst sr. Óskar af. Næstu mánuði sér sr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir um afleysinguna en hún mun svo gegna starfi ferðamannaprests í Akureyrarkirkju í sumar.

Kveðjumessa sr. Óskars Hafsteins verður auglýst síðar. Núna er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir komin í

barnsburðarleyfi. Hún mun ekki koma til baka til starfa í kirkjunni því þau hjónin eru að gerast bændur austur í Reykjahverfi.

Sr. Sólveig Halla hefur gegnt starfi æskulýðsprests við kirkjuna og haft yfirumsjón með barna- og æskulýðsstarfi safnaðarins. Hefur það verið einstaklega blómlegt undir hennar stjórn. Ráðið verður í starf hennar um leið og unnt er.

Þjóðaratkvæðagreiðsla laugardaginn 6. mars 2010


Kjörstaður er í Verkmenntaskólanum á Akureyri.



Kjörfundur hefst klukkan 9:00 og stendur til klukkan 22:00.

Þá verða kjörstaðir einnig í Grunnskólanum í Hrísey og í félagsheimilinu Múla í Grímsey og stendur kjörfundur á þeim stöðum frá klukkan 10:00 til klukkan 18:00.

Á kjördag verður símanúmer kjörstjórnar 464-0356 og faxnúmer 464-0340.





Afmæli trúarlegrar þjónustu á FSA

Haldið var upp á 15 ára afmæli trúarlegrar þjónustu á FSA fimmtudaginn 11. febrúar 2010.

Boðið var upp á veglega fræðsludagskrá. Valgerður Valgarðsdóttir, djákni, sagði frá aðdraganda og upphafi deildarinnar. Sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, biskup á Hólum, talaði um sál-gæslu við sjúklinga og aðstandendur fjarri heimabyggð. Sr. Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur LSH, fjallaði um mikilvægi ritúalsins í sál-gæslu og stuðningi. Og að lokum

fjallaði sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, sjúkrahúsprestur LSH, um sál-gæslu og stuðning við starfsfólk – mikilvægi marka einkalífs og vinnu.

Góður rómur var gerður að erindunum, en rúmlega 70 manns komu á fræðsludagskrána.

Boðið var upp á kaffi og afmælis-kringlu og einnig komu sjúkrahjálfarar FSA og leiddu fundargesti í hressandi leikfimi. Haft var á orði að ekki væri vanþörf á slíkri hreyfingu á löngum fundum.



Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, sr. Guðrún Eggertsdóttir, Valgerður Valgarðsdóttir djákni, sr. Sigfinnur Þorleifsson og sr. Jón A. Baldvinsson, biskup á Hólum.

Fermingarbörn í Akureyrarkirkju í mars 2010

Laugardagur, 27. mars kl. 10.30

Alexander Jósep Blöndal	Pórunnarstræti 97
Anna Kristín Arnardóttir	Reynivöllum 2
Bjarki Hermannsson	Helgamagrastræti 20
Guðmundur Hjörtur Guðmundsson	Hlíðarlundi 2
Gauti Gautason	Lerkilundi 19
Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir	Ránargötu 29
Gunnar Orri Ólafsson	Espilundi 6
Gunnur Vignisdóttir	Helgamagrastræti 38
Harpa Rós Jónsdóttir	Hjallalundi 10
Hólmar Árni Erlendsson	Vanabyggð 10c
Irma Ósk Jónsdóttir	Heiðarlundi 3h
Jakob Freyr Kolbeinsson	Vanabyggð 19
Kolbrún Egedia Sævarsdóttir	Norðurgötu 51
Kristjana Bylgja Kristjánsdóttir	Víðimýri 12
Rut Matthíasdóttir	Vanabyggð 10b

Sigurður Ormur Aðalsteinsson
Sigurdís Hrönn Huldudóttir
Steinar Gauti Þórarinnsson
Tekla Sól Ingibjartsdóttir
Thelma María Guðmundsdóttir
Úlfar Logi Hafþórsson
Ýmir Ingimarsson
Þorlákur Snær Gunnarsson

Byggðavegi 84
Ránargötu 2
Espilundi 11
Eiðsvallagötu 4
Kjarnagötu 16-303
Heiðarlundi 1e
Kringlumýri 9
Eyrarvegi 2

Ásdís Björk Gunnarsdóttir
Baldur Sverrisson
Benedikt Línberg Kristjánsson
Danil Kantorovich
Egill Bjarni Friðjónsson
Egill Már Magnússon
Eva Lind Sveinsdóttir
Hafþór Freyr Línal
Jóhanna María Jóhannsdóttir
Júlía Fanney Jóhannsdóttir
Katrín Anna Gísladóttir
Kjartan Hálfánarson
Kristbjörg Ásta Böðvarsdóttir
Lára Ingimundardóttir
Thelma Rut Rögnvaldsdóttir
Viktor Ingi Ólafsson

Hindarlundi 5
Grænumýri 8
Mosateig 4
Rauðumýri 22
Stekkjargarði 1
Sokkatúni 8
Dalsgerði 3f
Grenilundi 13
Eiðsvallagötu 38
Vanabyggð 4a
Hafnarstræti 23
Kotárgerði 7
Dalsgerði 5h
Heiðarlundi 4e
Hörrpulundi 10
Bjarkastíg 1

Pálmásunnudagur, 28. mars kl. 10.30

Almar Teitsson
Arnar Snær Pálsson
Aron Ingi Rúnarsson
Aron Tjörvi Gunnlaugsson
Auður Kristín Pétursdóttir

Stóragerði 14
Oddagötu 15
Furulundi 17
Hamragerði 10
Arnarsíðu 7

Dagskrá Akureyrarsókn næstu vikunnar

Kirkjuvika í Akureyrarkirkju

Sunnudagurinn 7. mars,
æskulyósdagur Þjóðkirkjunnar,
uppbaf kirkjuviku

Fjölskyldugudshjónusta kl. 11.00.
Tónleikar í Akureyrarkirkju kl. 20.00.



Jass- og blústonleikar
Bryndísar Ásmundsdóttur,
söng- og leikkonu.

Mánudagurinn 8. mars

Mánudagur gegn meðu í
Safnaðarheimili kl. 20.00.

Pétur Pétursson, lækni, fjallar um
húmor og lækningar. Lára Sóley
Jóhannsdóttir, Elvía G. Hreinsdóttir,
Hjalti Jónsson og Eyþór Ingi
Jónsson sjá um tónlistina.

Þriðjudagurinn 9. mars

Morgunsöngur í kapellu Akureyrar-
kirkju kl. 9.00.

Fermingarfræðsla kl. 15.00, hópur I.

Miðvikudagurinn 10. mars

Mömmumorgunn kl. 9.30-11.30.

Kirkjuprakkarar kl. 16.00.

TTT kl. 17.00.

ÆFAK kl. 20.00.

Föstudagur kl. 20.00.

Sr. Guðmundur Guðmundsson leiðir
stundina. Kammerkórinn Ísold syng-
ur.

Fimmtudagurinn 11. mars

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12.00.

Léttur hádegisverður í
Safnaðarheimili eftir stundina.

Samvera eldri borgara í

Safnaðarheimili kl. 15.00.

Ræðumaður: Sr. Svavar Alfur Jónsson. Kammerkórinn Ísold syngur undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar.

Sunnudagurinn 14. mars,

4. sunnudagur í föstu,
lok kirkjuviku

Sunnudagaskóli í Akureyrarkirkju
kl. 11.00.

Bókmenntamessa í Akureyrarkirkju
kl. 11.00.

Dr. Hjalti Hugason, prófessor, préd-
íkar. Bók dagsins „Enn er morgunn“
eftir Böðvar Guðmundsson.

Sr. Svavar Alfur Jónsson þjónar fyrir
altari. Lesari: Þráinn Karlsson.

Kór Akureyrarkirkju syngur.

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson.

Kaffitónleikar Kórs Akureyrarkirkju

í Safnaðarheimili eftir messu.



Þriðjudagurinn 16. mars

Morgunsöngur í kapellu Akureyrarkirkju
kl. 9.00.

Fermingarfræðsla kl. 15.00, hópur II.

Miðvikudagurinn 17. mars

Mömmumorgunn kl. 9.30-11.30.

Kirkjuprakkarar kl. 16.00

TTT kl. 17.00.

ÆFAK kl. 20.00.

Fimmtudagurinn 18. mars

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12.00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimili
eftir stundina.

Sunnudagurinn 21. mars, boðunar-
dagur Maríu

Guðshjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00.

Gídeonfélagar kynna starf sitt.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimili
kl. 11.00.

Guðshjónusta á Kjarnalundi kl. 14.00.

Guðshjónusta á Hlíð kl. 15.00.

Þriðjudagurinn 23. mars

Morgunsöngur í kapellu Akureyrarkirkju
kl. 9.00.

Fermingarfræðsla kl. 15.00, hópur III.

Miðvikudagurinn 24. mars

Mömmumorgunn kl. 9.30-11.30.

Kirkjuprakkarar kl. 16.00.

TTT kl. 17.00.

ÆFAK kl. 20.00.

Fimmtudagurinn 25. mars

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12.00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimili
eftir stundina.

Föstudagurinn 26. mars

Æfing fermingarbarna kl. 16.00.

(Pau sem fermast 27. mars).

Æfing fermingarbarna kl. 17.00.

(Pau sem fermast 28. mars).

Laugardagurinn 27. mars

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju
kl. 10.30.

Sunnudagurinn 28. mars, páлма-
sunnudagur

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju

kl. 10.30.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju

kl. 20.00.

Þriðjudagurinn 30. mars

Morgunsöngur í kapellu Akureyrarkirkju
kl. 9.00.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfur Jónsson.

Nánari upplýsingar um safnaðar-
starfið og viðtalstíma prestanna
er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is, sími 462 7700.